



BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI GRINDAVÍKUR 2018-2032

Stækkun golfvallar / Efnislosunarsvæði

Skipulags- og matslýsing

19.07.2021



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulagslýsing	3
1.2	Tilgangur og markmið	3
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Skipulagssvæðið	4
2.2	Fornleifar	4
3	FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING	5
3.1	Landsskipulagsstefna	5
3.2	Gildandi aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032	5
4	FYRIRHUGUÐ BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	6
5	MATSLÝSING	7
5.1	Matsskylda áætlunarinnar	7
5.2	Tengsl við aðrar áætlanir	8
5.3	Umhverfismatið	8
5.4	Valkostir	8
5.5	Umhverfisþættir og áherslur	9
6	KYNNING OG SAMRÁÐ	9
6.1	Umsagnaraðilar	9
6.2	Samráð	10

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ/ABH	2476-055-05

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 vegna stækkunar á golfvelli Grindavíkur við Húsatóftir (ÍP2). Við landmótun golfvallarins verður notað efni sem fellur til við gatnagerð innan þéttbýlisins, samtals áætlað um 20.000 m³.

Stækkunin fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er því einnig sett fram matslýsing.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Þar sem framkvæmdir sem skipulagslýsingin tekur til eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum skipulagsbreytinganna og deiliskipulags.

1.2 Tilgangur og markmið

Verið er að samnýta annars vegar efnislosunarsvæði og hins vegar stækkun golfvallar. Með stækkun golfvallarins er aðstaða fyrir golfíþróttina bætt en mögulegt er að nota svæðið sem æfingasvæði, „range“, bílastæði og/eða undir aðstöðuhús. Um leið er verið að nota efni sem til fellur við gatnagerð í Grindavík sem annars myndi ekki nýtast og þyrfti að haugsetja annarsstaðar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Skipulagssvæðið

Golfvöllur Grindavíkur er staðsettur vestan Grindavíkur með aðkomu frá Nesvegi nr. 425. Golfvöllurinn er beggja vegna vegarins á sprungusvæði og forsögulegu hrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stækkun svæðisins er fyrirhuguð fast norðan þjóðvegur í austur jaðri núverandi skilgreinds íþróttasvæðis.



MYND 1. Horft frá þjóðvegi til norðurs yfir fyrirhugað svæði til stækkunar golfvallarins (heimild: ja.is).

Skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir á svæðinu eyðihraunavist (L6.1) með lágt verndargildi og mosahraunavist (L6.3) með miðlungs verndargildi. Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagningin miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

2.2 Fornleifar

Ekki eru þekktar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þekktar fornleifar eru skammt undan sem njóta hverfisverndar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

3.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.


Í gildandi landsskipulagsstefnu kemur fram eftirfarandi markmið um skipulag:

Kafli 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.

Breyting á aðalskipulagi verður í samræmi við Landsskipulagsstefnu.

3.2 Gildandi aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032

Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 var samþykkt í desember 2020.



MYND 2. Hluti gildandi aðalskipulags. Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða rammans.

Stækkun svæðisins fer yfir óbyggt svæði. Landsvæði Grindavíkur utan þéttbýlis er að miklum hluta skilgreint sem óbyggt svæði. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð á óbyggðum svæðum, utan þess að göngu- og hjólastígar, reiðstígar og útivistarstígar eru skipulagðir og eftir atvikum stakar framkvæmdir.

Í kafla 2.2.6 Ípróttasvæði (ÍP) er umfjöllun um golfvöllinn og skilmálar skv. eftirfarandi töflu.

TAFLA 1. TAFLA 9 Ípróttasvæði í Grindavík.

NR.	HEITI	STÆRD	SKILMÁLAR
ÍP2	Golfvöllur Grindavíkur við Húsatóftir	52 ha	Staðsetning við Húsatóftir í um 3,5 km frá þéttbýli Grindavíkurbæjar. Golfvöllurinn er 18 holu völlur. Þar sem völlurinn er beggja megin þjóðvegur er reiknað með undirgöngum undir veginn, bæði fyrir göngu-, hjóla- og reiðstíg.

Svæðið sem stækkun ípróttasvæðisins nær yfir er undir hverfisvernd, sjá töflu 2.

TAFLA 2. TAFLA 28 Hverfisvernd innan Grindavíkur.

NR.	SVÆÐI – LÝSING	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV13	Húsatóftir	Á svæðinu eru fornleifar mjög þéttar. Á svæðinu skulu fornminjar nýttar til þess að undirstrika sérkenni svæðisins og sem grundvöllur til að byggja sérkenni deiliskipulags á. Þegar framkvæmdir eiga sér stað á svæðinu ber að kalla til fornleifafræðing sem fylgjast skal með framkvæmdum. Skilmálar eru einnig um svæðið í kafla 2.2.6.

Ekki er gert ráð fyrir neinu efnislosunarsvæði innan sveitarfélagsins.

4 FYRIRHUGUÐ BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breyting verður gerð bæði á uppdrætti og greinargerð. Stækkun íþróttasvæðisins verður um 2 ha og samhliða verður heimiluð efnislosun allt að 20.000 m³ af efni sem verður að mestu samhliða flutningi á svæðið, jafnað út og notað til landmótunar fyrir notkun sem tengist starfsemi golfvallarins.

5 MATSLÝSING

Þessi lýsing gerir grein fyrir breytingu á aðalskipulagi sem mögulega fellur undir lög nr. 105/2006. Því er einnig sett fram matslýsing samkvæmt lögum nr. 105/2006 og samkvæmt skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í kaflanum er gerð grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismatinu og helstu áherslum matsvinnunnar.

5.1 Matsskylda áætlunarinnar

Breytingar falla undir lög nr. 105/2006 þar sem þær marka stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umfang framkvæmda er tilkynningarskylt til Skipulagsstofnunar sbr.

Liður 12.10. Golfvöllur er tilkynningaskyldur til skipulagsstofnunar (B-liður)

Liður 2.02 Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum er tilkynningaskyld til skipulagsstofnunar (B-liður)

Liður 2.04 Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum þar sem raskað er minna en 25.000m² eða 50.000 m³ er tilkynningaskyld til sv.félags. (C-liður)

Liður 13.02 Þegar leyfðar framkvæmdir og/eða hafa verið framkvæmdar og falla undir flokk A eða B skulu tilkynntar til Skipulagsstofnunar (B) kunni þær að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Þar sem þessi framkvæmd snýr að þegar röskuðu svæði að stærstum hluta og að stækkun núverandi golfvallar, auk þess sem umhverfisáhrif framkvæmda eru fremur lítil, bæði í efnismagni og stærð svæðis telur sveitarstjórn að framkvæmd falli ekki undir ákvæði B um matsskyldu framkvæmda en

leggur engu að síður fram skipulags- og matslýsingu þar sem framkvæmd sem þessi fellur alltaf undir flokk C.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

5.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytingarnar verður gerð grein fyrir tengslum og samræmis við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 3.

5.3 Umhverfismatið

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdrátta til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum grunnástand umhverfis.

5.4 Valkostir

Einungis verður fjallað um breytt skipulag og það borið saman við núllkost, sem er að ekkert verður aðhafst og engin breyting á landnotkun á svæðunum. Til greina kemur að meta valkosti fyrir breytinguna en á þessu stigi liggja ekki aðrir kostir fyrir. Umhverfismatið verður nýtt til að meta hvort aðrir kostir komi til greina.

5.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatinu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 3. Í umhverfismati fyrir breytinguna verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Grindavíkurbæjar ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstafla.

TAFLA 3 Umhverfisþættir og helstu matsspurningar. Lög og reglugerðir eru ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Ásýnd og landslag	Munu breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Munu breytingin hafa sjónræn áhrif? Munu breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?
Samfélag	Munu breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Kynning og samráð verður í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr.90/2013. Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Grindavíkurbæjar <http://www.grindavik.is>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins Víkurbraut 62, Grindavík. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, fyrir auglýstan tímabrest.

6.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

6.2 Samráð

Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin ásamt umhverfisskýrslu verða kynnt bæði íbúum/almenningsi og öðrum hagsmunaaðilum.